

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR


meðtaka (sagnorð)

1) Að skilja eitthvað.

Dæmi: Þetta er auðvelt að meðtaka.

2) Að taka við einhverju, að taka á móti einhverju.

Dæmi: Það er gaman að meðtaka nýja þekkingu.



ræða (sagnorð)

Að tala við einhvern, að eiga umræður/samræður við einhvern.

Dæmi: Nemendur ræddu saman í hópum um námsefnið.


tjá (sagnorð)

Láta í ljós skoðun eða hugsanir.

Dæmi: Margir tjá sig með orðum, sumir nota bendingar og enn aðrir tjá sig með því að mála eða leika.



ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR



þrautseigja (nafnorð)

Úthald og seigla. Að gefast ekki upp þegar verkefnin eru erfið. Að vera ráðagóður og leita lausna.

Dæmi: þrautseigja liðsins borgaði sig en leiknum lauk með 3-0 sigri.

þrautreyndur (lýsingarorð)

Sá sem hefur öðlast mikla og víðtæka reynslu.

Dæmi: Í liðinu voru margir þrautreyndir fótboltamenn.



þrautaganga (nafnorð)

Eitthvað sem hefur verið erfitt.

Dæmi: þrautaganga fótboltaliðsins hélt áfram en það tapaði síðustu fimm leikjum.



Þraut getur þýtt erfitt viðfangsefni. Einnig getur þraut þýtt verkefni fyrir hugann, eins og gátur. Að berjast til þrautar þýðir gefast ekki upp.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

hátíðlegur (lýsingarorð)

Það sem hefur hátíðarblæ, er virðulegt.

Dæmi: Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í skólanum.

sveigjanlegur (lýsingarorð)

Eitthvað sem hægt er að sveigja, aðlaga.

Dæmi: Það var sveigjanlegur skóladagur á öskudaginn.

Skólinn var búinn fyrr en venjulega.

frumlegur (lýsingarorð)

Sá sem er hugmyndaríkur og hermir ekki eftir öðrum.

*Dæmi: Hann fékk verðlaun
fyrir frumlegasta búninginn.*




ORÐAÞRENNNA

VIKUNNNAR

afgerandi (lýsingarorð)

Ákveðinn, afdráttarlaus.

Dæmi: Landsliðið vann afgerandi sigur á andstæðingum sínum.



afmarka (sagnorð)

Að ákveða skiptingu eða merkja svæði.

Dæmi: Fótboltavellir eru á afmörkuðu svæði.

afstaða (nafnorð)

Það hvað manni finnst um ákveðin mál, skoðun.

Dæmi: Kennarinn bað nemendur um að taka afstöðu til þess hvort nota mætti farsíma á skólatíma.



ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

Fylltu inn í krossorðaglímuna. Reyndu að nota orð sem tengjast orðinu **þrautreyndur**.

	þ	
	r	
	a	
	u	
íprót	t	amaður
	r	
	e	
	y	
	n	
	d	
	u	
	r	

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

Fylltu inn í krossorðaglímuna. Reyndu að nota orð sem tengjast orðinu **afgerandi**.

	a	
	f	
	g	
	e	
	r	
	a	
	n	
	d	
s	i	gur

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

hátíðlegur (lo.), **sveigjanlegur** (lo.), **frumlegur** (lo.), **afgerandi** (lo.), **afmarka** (so.),
afstaða (no.), **þrautseigja** (no.), **þrautreyndur** (lo.), **þrautaganga** (no.), **meðtaka** (so.),
ræða (so.), **tjá** (so.).

so=sagnorð, lo=lýsingarorð, no=nafnorð

Veldu 3 eða fleiri orð úr boxinu og skrifaðu stutta sögu þar sem orðin koma fyrir.
Mundu eftir fyrir sögn, byrjun, miðju og endi. Myndskreyttu. Gangi þér vel!

This image shows a single sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.**Höfundur sögunnar:**

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR - upprifjun síðustu fjögurra vikna

Klippið brotnu línuna og límið miðjuna á annað blað.

Skrifið setningu með orðinu og teiknið mynd við hvert orð.

afgerandi (lo.)	O R Ð A Þ R E N N A V I K U N N A R	afmarka (so.)
afstaða (no.)		þrautseigja (no.)
þrautreyndur (lo.)		þrautaganga (no.)

meðtaka (so.)

ræða (so.)

tjá (so.)

hátíðlegur (lo.)

sveigjanlegur (lo.)

frumlegur (lo.)